

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1054

Dagsetning: 22. janúar 2025 klukkan 13:00

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HB), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE) sat fundinn undir liðum 2-6, Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir mannauðsráðgjafi sat fundinn undir liðum 3 og 4. A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi sat fundinn undir lið 5. Guðmundur Marínó Ingvarsson, deildarstjóri deildar rafrænnar þjónustu og Ólafur Þór Magnússon kerfisstjóri sátu fundinn undir lið 6.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 14. janúar 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Greining á móttöku heilsugæslustöðva

Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir mannauðsráðgjafi kom á fundinn og fór yfir greiningu á móttöku heilsugæslustöðva HH. Rætt var um hvað mætti bæta og hvernig. Lagt var til að boðið verði upp á hálf dags námskeið fyrir móttökuritari og námskeið eftir þörfum þegar upp koma mál á einstökum starfsstöðvum.

4. Námskeið fyrir skrifstofustjóra og þjónustustjóra

Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir mannauðsráðgjafi kom á fundinn til að ræða námskeið fyrir skrifstofustjóra og þjónustustjóra HH. Komnar eru tillögur að dagsetningum og efni til að fara yfir á námskeiðinu.

5. Árshátíð HH

A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi kom á fundinn og fór yfir drög að kostnaðaráætlun fyrir árshátíð HH. Framkvæmdastjórn samþykkti áætlunina.

6. Símsvari

Guðmundur Marínó Ingvarsson, deildarstjóri deildar rafrænnar þjónustu, og Ólafur Þór Magnússon kerfisstjóri komu á fundinn til að ræða leiðir til að bæta símsvara HH. Rætt

var um að skoða kaup á kerfi með nýjum símsvara og ýmiskonar annarri þjónustu og jafnframt kanna aðrar leiðir til að bæta símsvarann með því að skipta um rödd.

Aðgerðir og verkefni

- Halda þarf áfram greiningu á móttöku heilsugæslustöðva og skipuleggja námskeið, sjá lið 3.
Ábyrgð: SKP
- Halda þarf áfram skipulagningu námskeiða fyrir skrifstofustjóra og þjónustustjóra, sjá lið 4.
Ábyrgð: SKP
- Halda þarf áfram undirbúningi árshátíðar HH, sjá lið 5.
Ábyrgð: SKP
- Kanna þarf möguleika á því að breyta símsvaranum, sjá lið 6.
Ábyrgð: HP

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 15:00.